

Nd.

98. Frumvarp til laga

[86. mál]

um greiðslu kostnaðar við námsflokka.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

Starfræki sveitarfélag námsflokka, sem aðgangur er frjálss að, skal fara um kostnað við rekstur þeirra eftir ákvæðum III. kafla laga um skólakostnað, nr. 49/1967, enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt fjárhagsáætlun hvers skólaárs, námsskrá og ráðningu skólastjóra eða forstöðumanns og kennara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um nauðsyn á fræðslu fyrir fullorðna og nytsemi námsflokka í þeim tilgangi verður ekki deilt. Virðist og sem skilningur og vilji almennings til að auka við þekkingu sína og endurhæfa á ýmsan hátt, eftir að út í starfsönn lífsbaráttunnar er komið, fari vaxandi, og er þá kennsla í námsflokkum, þar sem kostur er á ýmiss konar fræðslu, þekkingarupprifjun og nýnámi, þegar venjulegri dagsönn er lokið, flestum langauðveldasta námsleiðin, enda gætir nú víða vaxandi sóknar inn á þessa braut og aukins starfs á vegum námsflokka samfara fjölbreyttari námsgreinum.

Hingað til hafa sveitarfélögin ein borið allan kostnað af námsflokkastarfsemi og hún þá vitanlega orðið þar öflugust, sem beinin hafa verið sterkust að bera hana uppi eða áhugi forstöðumanna svo óeigingjarn, að ekkert eða lítið hefur verið spurt um laun.

Eðlilegt er, að um greiðslu kostnaðar við rekstur námsflokka gildi hliðstæðar reglur og um kostnað við rekstur þeirra skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, eftir því sem við á. Um það eru skýr ákvæði í III. kafla gildandi laga um skólakostnað, nr. 49/1967.

Aðalreglan er sú, skv. 16. gr. laganna, að öll föst laun fastra kennara og annarra starfsmanna eru greidd beint úr ríkissjóði, — varðandi námsflokka gildi það væntanlega fyrst og fremst um skólastjóra eða forstöðumann, — en laun vegna stunda- og forfallakennslu og allar aukagreiðslur til skólastjóra og kennara, sem leiðir af samningum ríkisins við stéttarsamtök þeirra eða af kjaradómi, endurgreiðir ríkið sveitarfélögunum mánaðarlega. Annan rekstrarkostnað greiða sveitarfélögin, svo sem húsnæði og húsvörzlu, hitun, lýsingu, ræstingu o. s. frv., sbr. 22. gr. skólakostnaðarlaga.

Ef þessi háttur yrði upp tekinn einnig gagnvart námsflokkum, eins og hér er kveðið á um, mundi það stórefla og tryggja starfsemi námsflokka, sem er mikilvægasta fullorðinsfræðsla, sem nú fer fram, en námsflokkar eru jafnframt mikið sóttir af ungu fólki.